

Skilablað – Hafró og Veiðimálastofnun – Sameining

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá Guðrúnu Gísladóttur, skrifstofustjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 18. október 2014, þar sem beðið var um að FSR ynni frumathugun vegna áformá ráðuneytisins um sameiningu stofnananna Hafró og Veiðimálastofnunar.

Verkefnastjóri FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

Í frumathugun yrði húsnæðisþörf nýrrar sameiginlegrar stofnunar skoðuð og einnig hvort mögulegt væri að koma nýju stofnuninni fyrir í húsi Hafró á Skúlagötu 4. Verkefnið fékk heitið Hafró – Veiðimálastofnun – sameining.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er frá 24. október 2014 og fékk verkefnið verknúmerið 604 0020.

4 Framvinda

Unnin var þarfagreining fyrir hvora stofnun fyrir sig. Þarfagreining var unnin fyrir Hafró í samvinnu við forstjóra stofnunarinnar, Jóhann Sigurjónsson, og fleiri starfsmenn. Þarfagreining fyrir Veiðimálastofnun var unnin í samvinnu við stofnunina undir forystu Sigurðar Guðjónssonar, forstjóra.

Unnin var frumathugun, bæði fyrir hvora stofnun fyrir sig og að lokum sameiginleg fyrir stofnanirnar báðar. Hluti verkefnisins var að kanna hvort sameiginleg stofnun gæti verið til húsa í Skúlagötu 4. Verkefnið var síðan sett í bið þar til í maí 2016 að fjármála- og efnahagsráðuneytið bað um uppfærslu þarfagreiningar og að auglýst yrði eftir húsnæði, en þá höfðu stofnanirnar verið formlega sameinaðar í Skúlagötu 4.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við þarfagreiningar og frumathuganir þessa verkefnis 2014 og í byrjun árs 2015, ásamt uppfærslu 2016, var 1.449.965 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða þarfagreiningar var að heildarrýmisþörf sameiginlegrar stofnunar væri um 5.700 m² húsnæði sem skiptist í skrifstofurými, rannsóknarstofur og sértæk rými, um 3.200 m², og geymslur og verkstæði um 2.500 m². Í frumathugun var bent á leiðir til lausnar húsnæðisþörfinni. Leið eitt var að stofnunin yrði áfram í Skúlagötu 4, með endurbótum á húsnæðinu, leið tvö var að auglýst yrði eftir húsnæði til leigu fyrir stofnunina og leið þrjú að auglýst yrði eftir húsnæði til eigu fyrir stofnunina.

7 Ákvörðun verkkaupa

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ákvað í samráði við fagráðuneytið, í júní 2016, að auglýst yrði eftir húsnæði fyrir stofnunina.

8 Verklok

Með þessari ákvörðun lauk vinnu FSR fyrir verkkaupa, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, og nýtt númer var stofnað, 633 0120, þar sem verkkaupi var fjármála- og efnahagsráðuneytið og auglýst var eftir húsnæði fyrir stofnunina.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri

Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri